

Fundargerð

Bogfimisamband Íslands BFSÍ

Dagsetning: **29.03.2020 Kl. 13:00**

Fundarstaður: *Múltikúlti, Barónsstígur 3. Reykjavík*

Fundinn sátu: **Albert Ólafsson, Astrid Daxböck, Ásdís Lilja Hafþórsdóttir, Guðmundur Örn Guðjónsson og Ólafur Gíslason. Alfreð Birgisson, Guðný Gréta Eypórsdóttir, Haraldur Gústafsson, Indriði Ragnar Grétarsson, Kristján Guðni Sigurðsson og Sveinn Stefánsson sátu fundinn með fjarfundabúnaði.**

Fundarstjóri: **Ólafur Gíslason**

Fundargerð ritaði: **Ásdís Lilja Hafþórsdóttir**

Á fundinum voru tekin upp eftirfarandi mál:

1. Skýrsla stjórnar um starfsemi síðastliðins árs kynnt.

Ólafur kynnti skýrslu stjórnar fyrir árið 2019 um starfsemi bogfiminefndar ÍSÍ og BFSÍ frá stofnun sambandsins í desember.

2. Ársreikningur síðastliðins árs lagður fram.

Sambandið var stofnað 1. desember 2019 en fékk ekki eigin kennitölu og bankareikning fyrr en í janúar/febrúar 2020 og tók því ekki við fjárhagslega af bogfiminefnd ÍSÍ í byrjun árs 2020. Engin ársreikningur er því gerður fyrir BFSÍ fyrir árið 2019.

3. Fjárhagsáætlun kynnt.

Albert kynnt að það hefði verið fyrirætlun stjórnarinnar að leggja fram fjárhagsáætlun fyrir árið 2020 til kynningar á formannafundinum til að upplýsa sambandsaðila betur um skipulag sambandsins. Núna liggur bogfimiþróttin í dvala eins og annað íþróttastarf í landinu vegna samkomubanns stjórnvalda. Til viðbótar er búið að aflýsa öllum alþjóðlegum bogfimimótum næstu mánuða. Óljóst er hvenær þessu veirufaraldi mun ljúka og er því fjárhagsáætlun sambandsins í uppnámi. Ekki var því lögð fram fjárhagsáætlun fyrir árið 2020 af þessum sökum. Á bogfimiþingi 2021 verður lögð fram 2 ára fjárhagsáætlun. Í stað fjárhagsáætlunar var því kynnt heildarstefna sem stjórnin hefur tekið saman.

3.1. Heildarstefna kynnt

Heildarstefnan er formleg samantekt á tilgangi sambandsins. Hún veitir stjórninni skýrari markmið til að vinna að sameiginlegum málum bogfimiþróttarinnar. Heildarstefnan er í raun grundvöllurinn fyrir fjárhagsáætlun. Heimssambandið mun í framtíðinni gera það að skyldu að öll landssambönd hafi heildarstefnu og er þessi stefna mótuð eftir fyrirmynd frá þeim. Einnig gefur hún aðildarfélögunum betra tækifæri til að vera upplýstari um starf sambandsins og

veitir því aukið gagnsæi. Heildarstefnan er ekki meitluð í stein. Stjórnin myndi gjarnan þiggja athugasemdir sem aðildarfélögin hafa um stefnumótunina þannig að sambandið geti þjónað hlutverki sínu sem best.

4. Ákvörðun um drög að afreksstefnu fyrir 2020 og 2021.

Afreksstefna 2020-2021 var lögð fram sem drög á stofnþingi sambansins þann 1. desember sl. . Á formannafundinum var afrekssefnan samþykkt einróma.

5. Önnur mál

5.1. Íðorðasafn

ÍSí vinnur núna að íðorðarsafni fyrir íþróttir og er fyrirætlun ÍSí að samræma orðanotkun á milli íþróttanna. Til að styðja við þetta verkefni hefur stjórnin tekið saman fyrstu drög að íðorðasafni fyrir bogfimiíþróttir.

Allar tillögur, viðbætur eða aðrar ábendingar eru vel þegnar.

5.2. Áhrif COVID-19

Flest allt íþróttastarf í landinu hefur verið fellt niður og flestum alþjóðlegum mótum hefur verið aflýst. Áhrif aflýsinga móta á iðkendur varðandi flug og skipulag var rætt á fundinum. Möguleg áhrif á Íslandsmót utanhúss og þá sérstaklega ungmenna og öldunga var rætt.

5.3.

Vegna ástandsins tók stór hluti fundarmanna þátt í fundinum í gegnum fjarfundarbúnað. Rætt var um mögulegar umbætur á fjarfundarbúnaði á næstu fundum.

Fundi slitið kl. **13:40**